

**53. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
mánudaginn 22. júlí 2024, kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Malbikunarframkvæmdir 2024 - 2403044

Tilboð í verkið yfirborðsfrágangur 2024

Alls bærust sex tilboð í yfirborðsfrágang, þ.e. malbikun nýrra gatna í Reykholti og á Laugarvatni.

Framkvæmda og veitunefnd samþykkir að taka tilboði lögstjóðanda, Malbiksstöðvarinnar, með fyrirvara um að bjóðandi uppfylli hæfniskröfur útboðsgagna.

2. Fráveita á Laugarvatni, rotþró við HÍ - 2407004

Tillaga um að rotþró við húsnæði HÍ á Laugarvatni verði endurnýjuð

Sviðsstjóri gerði grein fyrir tillögu um að ráðist yrði í að skipta um rotþró við húsnæði HÍ á Laugarvatni. Kostnaður er áætlaður um 1.500.000 kr.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að ráðist verði í verkefnið og að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun að fjárhæð kr. 1.500.000.

3. Undirbúningur að flutningi í nýtt dæluhús á Laugarvatni - 2305015

Rif á geymslu á Laugarvatni ("Viskustykkið")

Sviðsstjóri gerði grein fyrir viðræðum við björgunarsveitina Ingunni um rif á húsnæðinu.

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að samið verði við björgunarsveitina um rif á húsinu fyrir 1 milljón króna. Leyfi byggingarfulltrúa liggur fyrir og búnaður Bláskógaveitu hefur verið fjarlægður.

4. Endurnýjun brunakerfis í Aratungu - 2407007

Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun að fjárhæð 3 millj.kr. vegna endurnýjunar á brunakerfi í Aratungu.


Sviðsstjóri gerði grein fyrir endurnýjun á brunakerfi Aratungu, sem var óhjákvæmilegt að ráðast í. Óskað er eftir viðauka að fjárhæð kr. 3.000.000 vegna endurnýjunarinnar.

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun vegna verkefnisins.

5. Byggingar á hjólhýsasvæði við Laugarvatn - 2405021

Tilboð í salernishús á hjólhýsasvæðinu á Laugarvatni

Tilboð bærust í öll húsin, samtals um 1,1 millj.kr. Sviðsstjóra er falið að ljúka söluflerlinu.



6. Borgarrimi gatnagerð 3 áfangi (lóðir 16-22) - 2401061

Verkfundir haldnir 08.05.2024, 24.05.2024, 25.06.2024 og 18.07.2024

Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

7. Endurnýjun fráveitu Laugarvatni 3. áfangi - 2310009

Verkfundur haldinn 16.07.2024

Fundargerðin var lögð fram.

8. Umsókn í styrkvegaskjöld 2024 (Tungufljótsbrú) - 2407005

Tilkyning Vegagerðarinnar um framlag úr styrkvegaskjóði til viðgerða á gömlu Tungufljótsbrúnni

Lögð var fram tilkynning um styrk úr styrkvegaskjóði að fjárhæð kr. 3.500.000. Sviðsstóri gerði grein fyrir ráðstöfun fjárlins. Í fjárhagsáætlun ársins eru 5 millj.kr. til verkefnisins og kemur framlag Vegagerðarinnar á móti þeim kostnaði. Gert verður ráð fyrir styrkfjárhæðinni í viðauka við fjárhagsáætlun.

9. Eftirlitsskýrslur HES 2024 - 2404078

Niðurstöður sýnatöku úr neysluvatni á Laugarvatni og úr sundlaug á Laugarvatni. Eftirlitsskýrslur vegna leikskólans Álfaborgar og leikskóladeildar, Mosum.

Skýrslurnar voru lagðar fram. Vatnssýni standast kröfur Heilbrigðiseftirlits. Sviðsstjóra er falið að vinna að endurbótum vegna skýrslna um Álfaborg og Mosa.

10. Vatnsprýstingur á svæði við Drumboddsstaði - 2406026

Sverun vatnslagnar að Bergstöðum og Drumboddsstöðum frá Drumboddsstaðaásam.

Veitustjóri gerði grein fyrir því að lögð yrði ný lögn að Bergstöðum og Drumboddsstöðum. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

Fundi slitið kl. 10:30.

Stefanía Hákonardóttir

Helgi Kjartansson

Jón Forn Snæbjörnsson

Ásta Stefánsdóttir



Benedikt Skúlason



Kristófer Arnfjörð Tómasson

